FJÖLMENNT
SÍMENNTUNAR- OG ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ

# Lifandi þátttaka í námi

Kynning á námsbrautinni “Líf mitt með öðrum” hjá Fjölmennt

Helle Kristensen

24. nóvember 2017

# Tilurð námsbrautarinnar

- Þróunarverkefni árið 2015
- Styrkur frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Sótt um fyrir einhverft fólk sem hefur litla möguleika til þátttöku með öðrum
- Þeir sem komu að þróun námsbrautarinnar:
  - Áslaug Rut Kristinsdóttir, tölvukennari
  - Guðrún Erla Þorvarðardóttir, íþróttakennari
  - Helle Kristensen, tónlistarkennari
  - Hrefna Sigurnýasdóttir, matreiðslukennari
  - Jarþrúður Þórhallsdóttir, einhverfuráðgjafi
  - Kristín Eyjólfsdóttir, tölvukennari



# Undirbúningur
# áður en námsbraut hófst

- Talað við þá sem þekktu þátttakendur best um þarfir þeirra, óskir og reynslu
- Kynningarfundur með hverjum þátttakanda og tengli/aðstoðarmanni hans
- Dagatal og upplýsingasögur sendar heim til þátttakenda



# Undirbúningur áður en námsbraut hófst

## Dagatal og upplýsingasögur

**APRÍL 2015**

| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 FRÍ Í FJÖLMENNT | 2 FRÍ Í FJÖLMENNT | 3 | 4 | 5 |
| 6 FRÍ Í FJÖLMENNT | 7 FRÍ Í FJÖLMENNT | 8 Tónlist | 9 Tölva | 10 | 11 | 12 |
| 13 Íþróttir | 14 Matreiðsla | 15 Tónlist | 16 Tölva | 17 | 18 | 19 |
| 20 Íþróttir | 21 Matreiðsla | 22 Tónlist | 23 FRÍ Í FJÖLMENNT | 24 | 25 | 26 |
| 27 Íþróttir | 28 Matreiðsla | 29 Tónlist | 30 Tölva | | | |



**x í tónlist**

Á þriðjudögum fer ég í tónlist.

Ég fer í Fjölmennt.

x og x eru í setustofunni. Kristín Lovísa

Ég fer í tónlistarstofuna með kennurunum. Helle – Kristín

x er með mér í tónlist.

Við ætlum að læra um tónlist og spila saman

Þegar tíminn er búinn fer ég í bílinn.

# Skipulag

- Tvær annir
- Fjórir þátttakendur
- Fjórar námsgreinar:
  - Íþróttir
  - Matreiðsla
  - Tónlist
  - Tölvur/spjaldtölvur
- Sameiginlegur tími
- Lokaverkefni
- Útskrift



# Markmið

- Meginmarkmið:
  - Stuðla að auknum lífsgæðum einhverfs fólks sem þarf mikinn stuðning – **valdefling**
    - Auka möguleika til tjáningar
      - Að auka möguleika á að tjá eigin vilja, velja og segja hvað maður vill – sjálfsákvörðunarréttur
      - Að læra að segja frá sjálfum sér – það sem maður hefur gert og upplifað
    - Lifandi þátttaka á jafningjagrunni
      - Að fá æfingu í að taka virkan þátt í samveru í hópi

# Markmið frh.

- Stuðla að auknu öryggi og sterkari sjálfsmynd
  - Að fræðast um áhrif skynjunar á líðan – auka skilning á sjálfum sér og öðrum
- Að stuðla að yfirfærslu á daglega lífið heima





# Leiðir

- Undirbúningur
- Samstarf við aðstoðarmenn
  - Áhersla lögð á að aðstoðarmenn komi með inn í tíma
  - Fjölþætt hlutverk
- Samstarf við tengla á heimilum og vinnustöðum
- Gagnvirkar valtöflur í spjaldtölvu
- Sögugerð – frásagnir og kynningar
- Sameiginlegur tími
- Að skrifa til og með þátttakendum
- Námskeiðsmat (Talking Mats)



# Auka möguleika til tjáningar

- Samstarf við aðstoðarmenn
  - Túlka orð, hegðun/viðbrögð og aðra tjáningu
- Samstarf við tengla og aðstandendur
  - Upplýsa um reynslu og áhugamál
- Gagnvirkar valtöflur
- Námskeiðsmat – Talking Mats
- Sögugerð – frásagnir og kynningar



# Gagnvirkar valtöflur

- Notaðar í flestum þáttum námsins
  - Til að segja frá í sameiginlegum umræðum
  - Til að velja viðfangsefni
  - Til að segja sína skoðun








# Gagnvirkar valtöflur







# Námskeiðsmat – Talking Mats

- Í lok hverrar annar
  - Hvað var skemmtilegt/leiðinlegt
  - Hvað var auðvelt/erfitt






# Sögugerð – frásagnir og kynningar

- Myndrænar frásagnir unnar í spjaldtölvu og kynntar í tölvutíma





# Sögugerð – frásagnir og kynningar





# Sögugerð – frásagnir og kynningar

- Þátttakendur kynntu lokaverkefnin sín heima eða í vinnunni









# Lifandi þátttaka á jafningjagrunni

- Undirbúningur kennslustunda – sjónrænt skipulag
  - Öryggi eykur möguleika á þátttöku
- Samstarf við aðstoðarmenn
  - Vera þátttakandi á jafningjagrunni
- Sameiginlegur tími
  - Samvera, umræður og samvinna
- Að skrifa til og með þátttakendum



# Undirbúningur kennslustunda

- Dagskrá kennslustunda








Líf mitt með öðrum - Tónlist

| Mynd af þátt-takanda | Nafn þátttakanda Dagsetning |
|---|---|
| | Tala saman |
| | Syngja með gítar |
| | Fræðsla - velja myndband |
| | Stofa 6 |
| | Spila saman á iPad |
| | Velja hljóðfæri - spila saman |
| | Syngja með píanói - velja lag |
| | Tíminn búinn |

Umsjónarmaður: Helle Kristensen

# Undirbúningur kennslustunda

- Uppsetning kennslurýmis










# Undirbúningur kennslustunda

- Uppsetning verkefna


Líf mitt með öðrum - Tölvur
Sýnishorn af verkefni: Youtube

VERKEFNI

MYNDBÖND

Nafn þátttakanda

Velja lag á Youtube

Páll Óskar – Líttu upp í ljós

Eurovision - Sókrates

Umsjónarmaður: Áslaug Rut Kristinsdóttir


Tölvur og iPad
Ari Svavar

24.9.2015

(Forsíða)

Picture

(Fyrsta síða)

(Önnur síða)





# Samstarf við aðstoðarmenn

- Aðstoðarmenn sem þátttakendur á jafningjagrunni





# Sameiginlegur tími










# Umræður







# Samvinna










# Að skrifa til og með þátttakendum








# Samantekt

- Undirbúningur var lykilatriði
- Samstarf við aðstoðarmenn skipti máli fyrir öll markmið námsbrautarinnar
  - Áskorun fyrir kennarann
    - Að taka sjálfan sig í gegn
    - Að opna kennslustofuna
  - Áskorun fyrir aðstoðarmenn
    - Óöryggi
    - Að átta sig á hlutverki sínu



- Virðing fyrir persónuleika hvers og eins, óskum hans og þörfum var leiðarljós

# Árangur til lengri tíma







- Þrír þátttakendur héldu áfram á námskeiðum í Fjölmennt þar sem vinnubrögðin voru þróuð áfram.
- Frásagnir starfsfólks sem þekkja þátttakendur vel.

# Frásögn deildarstjóra af A

- „Hann er alltaf að koma okkur á óvart. Um daginn þegar hann var að borða morgunmatinn sinn stóð hann upp og dró fyrir gluggann. Þetta hefur hann aldrei gert áður.”
- „Hann fer venjulega mikið í göngutúra og oft hefur hann sagt nei að hann vilji ekki fara en fer samt. En núna segir hann nei og fer ekki. Veit núna hvað nei þýðir og veit að hann getur haft áhrif og getur valið að nei þýði nei.”

# Frásögn forstöðumanns af B

- „Fram að þessu alveg svart og hvítt. Það tala allir um hve mikil breyting er á honum... Það hefur verið þróun í rétta átt síðan hann byrjaði í skólanum, hefur orðið allur annar maður. Framkoma og líðan breyttist og lífsgæðin hafa aukist”

# Frásögn forstöðumanns af C

- „Hann hefur uppgötvað að hann getur haft val og núna er leitað markvisst eftir svari, t.d. velur hann núna morgunmat. Hann gerir kröfu um að hafa val og starfsfólk tekur mark á því.“

# Frásögn deildarstjóra á vinnustað þriggja þátttakenda

„Við sjáum mun. A er orðinn virkari núna og sýnir meira frumkvæði og það auðveldar samskiptin en við þurfum að yfirfæra betur hingað það sem hann hefur lært. B hefur sóst meira í samskipti og t.d. hefur hann sest núna niður til að spjalla við mig. C sýnir meiri merki um að hann vilji samskipti og hann svarar miklu fyrr“